

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 17. mars 2023
UST202302-073/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Svínhagi L7 A – Rangárþingi ytra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 7. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Svínhaga L7 A í Rangárþingi ytra.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gengur út á að skilgreina svæði fyrir átta ferðapjónustuhús með gufubaði þar sem að heildar byggingamagn er alls 50 m². Auk þess er heimilt að vera með allt að eitt 40 m² geymsluhús. Einnig gerir tillagan ráð fyrir bílastæðum og gönguleiðum.

Krókahraun

Í greinargerð kemur fram að svæðið sé sandorpið hraun sem nefnist Krókahraun og getur Umhverfisstofnun tekið undir að hraunið er að hluta til sandorpið. Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands er svæðið skilgreint sem Lynghraunavist¹ Lynghraunavist er allvel gróin hraun frá nútíma, yfirleitt hallalítill apal- eða helluhraun. Allmikil þekja æðplantna, einkum lyngtegunda, og mosa (hraungambra) og fléttna. Stöðugleiki yfirborðs er misjafn, gróðurþekja er breytileg og sum staðar eru rofsár áberandi.

Þó svo að hraunið hafi gróðurþekju þá fellur það undir sérstaka vernda samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013², þá sérstaklega hraunjaðarinn sjálfur og því mikilvægt að mati stofnunnarinnar að byggingareitir og byggingar séu betur afmarkaðir og sett séu skilyrði um að óheimilt sé að raska jarðmyndunum.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Björn Stefánsson
sérfræðingur

¹ <https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/land/lynghraunavist>

² <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>